

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1974

4. febrúar 1974.

143

Nr. 87.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Staðarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Staðarár.

Heimili þess og varnarþing er Hólmavík, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Staðará í Strandasýslu, en þær eru Hrófberg, Viðivellir, Aratunga, Kleppustaðir, Kirkjuból, Hólar, Staður, Stakkanes.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í sept-okt.-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Leon Carlsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. febrúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Leon Carlsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Leons E. Carlssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Leon E. Carlsson, stýrimann, sem fórst 24. febr. 1973. Stofndagur er afmælisdagur Leons 12. júní, en hann var fæddur 1935.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum Leons, frú Grethe og Einari Carlssyni, húsgagnasmíðameistara.

4. gr.

Stofnendur leggja fram kr. 100 000.00 — hundrað þúsund krónur — 0/00.

5. gr.

Höfuðstóllinn skal ná kr. 300 000.00 — þrjú hundruð þúsund krónum — 0/00 — áður en veitt er úr sjóðnum í fyrsta sinn, sem ekki skal gert fyrr en fimm árum frá stofnun.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áhæit, gjafir, hvers kyns framlög og sala minningarspjalda.

7. gr.

Fyrstu kr. 250 000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — sjóðsins skulu bundnar í vísitölutryggðum spariskirteinum, séu þau fól. Annars ber að vaxta sjóðinn á hagkvæmasta hátt að mati stjórnar.

8. gr.

Sjóðurinn skal styrkja einstaklinga úr eftirfarandi hópum til sérnáms eða framhaldsnáms í björgun, gæslustörfum eða farmennsku:

- a) Félagi úr björgunarsveitum S.V.F.Í.
- b) Stýrimenn hjá Landhelgisgæslunni.
- c) Stýrimenn með farmannaprófi.